



Alþýðusamband Íslands

Tilskipanir ESB um bann við mismunun verða teknar í gildi hér á landi

Þegar tilskipanir ESB um bann við mismunun nr. 2000/43 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernis og nr. 2000/78 um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi litu dagsins ljós var það mat íslenskra stjórnvalda að þær væru þegar að verulegu leyti í gildi hér á landi. Auk þess þyrfti ekki að taka þær í gildi þar sem þær væru ekki EES „relevant“. Noregur lagði hins vegar til að tilskipun 2000/78 yrði viðurkennd sem hluti af EES samningnum. Niðurstaðan varð sú að báðar tilskipanirnar teljast ekki hluti EES réttarins og Íslandi því í sjálfsvald sett hvort þær eru teknar í gildi hér á landi eða ekki.

Alþýðusamband Íslands tók hins vegar þá afstöðu innan samráðsnefndar um EES og opinberlega að gildistaka ætti tilskipanir þessar engu að síður.

Rök Alþýðusambandsins voru eftirfarandi:

- Öll lönd sem við berum okkur saman við hafa sett eða hyggjast setja löggjöf um þetta efni, byggða á tilskipun ESB.
- Noregur ætlar að uppfylla öll skilyrði tilskipunar 2000/78 og ríki Evrópusambandsins eru skuldbundin til að gera það og eru sett undir agavald ESB í þeim efnum.
- Tilskipun 2000/78 er í reynd hluti af reglum á vinnumarkaði Evrópu (EES). Löggjöf sem byggði á tilskipuninni og með tilvísun í hana ætti að tryggja samleitni á vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins.
- Mikilvægt er fyrir rekstur og þróun EES samningsins og stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni að tilskipunin verði hluti af réttindakerfi á íslenskum vinnumarkaði.

Í ágúst 2004 lagði ASÍ til að ný lög yrðu sett sem tryggðu nauðsynlegar heimildir til að fylgja öllum markmiðum tilskipananna.

Þessi stefna var ítrekuð og henni fylgt eftir í þeim starfshóp sem Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, ýtti úr vör síðla árs 2005 og Helgi Hjörvar alþingismaður stýrði til ársloka 2008. Niðurstaða starfshópsins varð sú, að meginefni tilskipananna yrði lögtekin hér á landi og fagnar ASÍ þeirri niðurstöðu. Í hópnum áttu sæti fulltrúar stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka og var niðurstaða hópsins samhljóða. Næsta skref er samning lagafrumvarps og er það í höndum félagsmálaráðherra. ASÍ bindur vonir við að nýr félagsmálaráðherra setji þá vinnu af stað sem allra fyrst. Það er nauðsynlegt vegna þess að við núverandi aðstæður á vinnumarkaði sem

einkennast af stórfelldu atvinnuleysi og miklum samdrætti kaupmáttar, er hætta á að mismunun aukist gagnvart þeim hópum sem þegar standa höllum fæti á vinnumarkaði.

Magnús M. Norðdahl

deildarstjóri lögfræðideildar magnus@asi.is